



Mannvirkjastofnun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Niðurstöður og ábendingar	4
2 Fjárveitingar og rekstur	5
2.1 Fjárveitingar	5
2.2 Rekstraráætlun.....	5
2.3 Niðurstaða.....	6
3 Innra eftirlit.....	7
3.1 Inngangur	7
3.2 Umfjöllun	7
3.2.1 Tekjur	7
3.2.2 Starfsmannamál.....	7
3.2.3 Rekstrargjöld.....	8
3.2.4 Aðgreining starfa.....	8
3.2.5 Aðgangsmál.....	8
3.3 Niðurstaða.....	8
4 Fylgni við lög og reglur.....	9
4.1 Inngangur	9
4.1.1 Ferðakostnaður.....	9
4.1.2 Risna.....	9
4.1.3 Opinber innkaup	9
4.1.4 Styrkir.....	9
4.1.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	9
4.2 Niðurstaða.....	9
5 Endurskoðun rekstrarliða	10
5.1 Tekjur	10
5.2 Gjöld	10
5.3 Niðurstaða.....	10
6 Endurskoðun efnahagsliða	11
6.1 Eignir	11
6.1.1 Verk í vinnslu.....	11
6.1.2 Áhöld og búnaður	11
6.1.3 Skammtímakröfur	12
6.1.4 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga.....	12
6.1.5 Inneign hjá ríkissjóði	12
7.1.6 Handbært fé.....	12
6.2 Eigið fé og skuldir	12
6.2.1 Höfuðstóll	12
6.2.2 Bundið eigið fé	12
6.2.3 Ógreidd laun, launaleiðrétting.....	13
6.2.4 Viðskiptaskuldir.....	13
6.3 Niðurstaða.....	13
7 Önnur atriði	14
7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda	14
7.2 Lögfræðibréf	14
7.3 Óhæðisyfirlýsing.....	14
7.4 Umfang endurskoðunar	14

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Mannvirkjastofnun fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi Mannvirkjastofnunar og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar fyrirbyggjandi upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga var ekki lokið við gerð ársreiknings Mannvirkjastofnunar, þegar endurskoðun fór fram. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi endanlegur ársreikningur. Stjórnendur Mannvirkjastofnunar, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Mannvirkjastofnunar var síðast tekinn til skoðunar á árinu 2017 vegna ársins 2016.

1 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Mannvirkjastofnunar fyrir árið 2017 er lokið með fyrirvara um viðbótarskoðun ef niðurstaða breytist frá fyrirliggjandi stöðu í bókhaldi Mannvirkjastofnunar í ágúst 2018 þegar endurskoðun fór fram.

Eftirfarandi niðurstöðum og ábendingum er komið á framfæri vegna endurskoðunar ársins 2017.

1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuhalli ársins 2017 nam 2,1 m.kr. sem kemur til lækkunar uppsöfnuðum tekjuafgangi fyrri ára. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfið. Innbyrðis ósamræmi í flokkun rekstrarliða þarf að yfirfara og lagfæra.

2. Innra eftirlit

Mikilvægt er að yfirfara reglulega yfirlit yfir aðgangsheimildir að fjárhags- og mannauðskerfi og gera viðeigandi breytingar ef aðgreining starfa er ekki tryggð í kerfinu með aðgangsheimildum. Ríkisendurskoðun bendir enn fremur á að auka má gagnsæi og skilvirkni með því að nýta viðskiptakröfuhluta fjárhagskerfisins fyrir alla útgefna reikninga.

3. Fylgni við lög og reglur

Gjaldfæra skal veitta styrki á því reikningsári sem formleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin.

4. Rekstrarliðir

Ekki er annað að sjá en að vel sé staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Helstu breytingar á milli ára skýrast af breytingum samkvæmt lögum um opinber fjármál en markaðar tekjur flytjast til ríkissjóðs og aðkeypt þjónusta vegna hugbúnaðar sem er í smíðum eignfærast sem verk í vinnslu.

5. Efnahagsliðir

Ítrekuð er ábending frá fyrra ári um að fækka bankareikningum og mælst er til að þörf Mannvirkjastofnunar fyrir eigin bankareikninga verði metin í samráði við Fjársýslu ríkisins, þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu.

2 Fjárveitingar og rekstur

2.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáráukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Mannvirkjastofnunar nam 576,6 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Til hækkunar kemur breyting vegna afskrifta 4,5 m.kr. og lækkunar vegna fjárfestingaframlags 45,6 m.kr. Endanlegar fjárveitingar til stofnunarinnar urðu því 535,5 m.kr. á árinu 2017. Gjöld umfram tekjur námu 537,6 m.kr. Niðurstaðan varð því 2,1 m.kr. tekjuhalli. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Ríkistekjur	0	-4.735	4.735	-895.112
Rekstrartekjur	-23.700	-10.720	-12.980	-3.383
Launagjöld	355.700	356.147	-447	339.845
Önnur rekstrargjöld	195.743	188.692	7.052	234.691
Eignir, fyrning	4.455	4.455	0	4.340
Rekstrartilfærslur	3.300	3.758	-458	9.136
Samtals	535.499	537.597	-2.099	-310.483

Helstu breytingar á tekjuliðum frá fyrra ári stafa af breytingu vegna laga um opinber fjármál. Sá hluti ríkistekna sem flokkast sem markaðar tekjur bókfærast hjá ríkissjóði frá og með 1. janúar 2017 en bókfærðust áður hjá stofnuninni. Lækkun ríkistekna á milli ára skýrist af því. Innbyrðis ósamræmi er í flokkun annarra rekstrargjalda og rekstrartekna sem þarf að skoða nánar.

Á árinu voru einnig gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins eru jafnframt afskriftir eigna, sem áður hafa verið gjaldfærðar og var fjárfestingarframlag árið 2017 vegna þeirra jafnt afskriftum eða 4,5 m.kr.

2.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og að reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Mannvirkjastofnunar fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins.

2.3 Niðurstaða

Tekjuhalli ársins 2017 nam 2,1 m.kr. sem kemur til lækkunar uppsöfnuðum tekjuafgangi fyrri ára. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfið. Yfirfara þarf innbyrðis ósamræmi í flokkun rekstrarliða og lagfæra.

3 Innra eftirlit

3.1 Inngangur

Forstjóri Mannvirkjastofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

3.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti Mannvirkjastofnunar voru fengnar upplýsingar um skipulag innra eftirlits hjá stofnuninni.

Mannvirkjastofnun er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Skipurit sem sýnir helstu ábyrgðarsvið er til fyrir stofnunina og verklag varðandi bókhald og fjármál er í föstum skorðum. Til staðar eru verklagsreglur fyrir hluta starfseminnar.

Áhersla var á skoðun aðgangsheimilda í þessari endurskoðun og framkvæmd í samræmi við lýsingu á verklagi var skoðuð og staðfest eftir atvikum.

3.2.1 Tekjur

Tekjureikningar eru gerðir handvirkt á fyrirfram númeruð reikningseyðublöð fyrir utan fáeina reikninga sem eru gerðir í tekjubókhaldskerfi ríkisins. Frá og með árinu 2018 var farið að gefa út reikninga í viðskiptakröfuhluta fjárhagskerfisins. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að stofnanir skrái tekjur í viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins við útgáfu reikninga og bendir á að auka má gagnsæi og skilvirkni með því að nýta sama kerfið yfir alla tekjuskráningu.

3.2.2 Starfsmannamál

Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarveru. Forstjóri eða skrifstofustjóri í umboði forstjóra samþykkir ráðningasamninga og breytingar á launasetningu. Í þeim tilvikum sem forstjóri undirritar ekki ráðningasamninga þarf að liggja ljóst fyrir hverjir eigi að undirrita ráðningasamninga í umboði hans og það skjalfest. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni staðfestir skrifstofustjóri vinnu starfsmanna í Vinnustund. Þegar endurskoðun fór fram hafði Mannvirkjastofnun sett sér jafnlaunastefnu, sem var samþykkt á fundi gæðaráðs og af forstjóra í mars 2018 eins og fram kemur á heimasíðu stofnunarinnar.

3.2.3 Rekstrargjöld

Kostnaðareftirlit felur meðal annars í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggi áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila. Rafrænt aðsendir reikningar fara í gegnum fyrirfram ákveðið samþykktarferli. Aðrir reikningar eru samþykktir af tveimur aðilum og var úrtak skoðað án athugasemda.

3.2.4 Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er mikilvægur eftirlitsþáttur sem er fyrir hendi varðandi innkaup og greiðslur, bókhald og fjárreiður hjá Mannvirkjastofnun. Þessi þáttur var sérstaklega skoðaður í endurskoðun vegna ársins 2016 án athugasemda og var óbreyttur árið 2017.

3.2.5 Aðgangsmál

Annar mikilvægur eftirlitsþáttur er aðgreining bókhalds- og fjárreiðustarfa í fjárhags- og mannauðskerfinu og því er mikilvægt að yfirlit yfir aðgangsheimildir starfsmanna séu yfirfarnar reglulega.

Við skoðun aðgangsheimilda kom í ljós að um er að ræða nokkur ábyrgðarsvið og hafa flestir starfsmenn einungis aðgang sem takmarkast við „sjálfsafgreiðslu“ eða skoðun á eigin upplýsingum í Vinnustund. Einnig var kannað hversu vel aðgangsheimildir inn í Orra tryggja eðlilega aðgreiningu starfa og voru valdir eftirlitsþættir prófaðir til staðfestingar á því.

Til staðfestingar á aðskilnaði bókhalds- og fjárreiðustarfa voru starfssvið skoðuð með tilliti til aðgangsheimilda.

Við skoðun kom í ljós að einn starfsmaður hafði aðgangsheimild í fjárhagskerfinu bæði til að skrá reikninga og greiðslur á reikningum. Ríkisendurskoðun telur aðgreiningu starfa vera ófullnægjandi í þessu tilviki.

Ferill launavinnslu var yfirfarinn með hliðsjón af framkvæmd launabreytinga. Virkni eftirlitsþátta í ferlinum var staðfest með úrtaksprófunum. M.a. voru aðgangsheimildir að grunnskrá launakerfisins teknar til skoðunar.

Aðgreining starfa í mannauðskerfinu var ekki til staðar þar sem sá yfirmaður sem tekur ákvörðun um laun hefur einnig skráningarheimild. Ríkisendurskoðun benti á að mannauðskerfið býður upp á lesaðgang fyrir stjórnendur. Brugðist var vel við þessari ábendingu Ríkisendurskoðunar og hefur verið lokað á skráningaraðgang hjá viðkomandi yfirmanni.

3.3 Niðurstaða

Mikilvægt er að yfirlit yfir aðgangsheimildir að fjárhags- og mannauðskerfi sé yfirfarið reglulega og gerðar viðeigandi breytingar ef aðgreining starfa í kerfinu er ekki tryggð með aðgangsheimildum. Ríkisendurskoðun bendir enn fremur á að auka má gagnsæi og skilvirkni með því að nýta viðskiptakröfuhluta fjárhagskerfisins.

4 Fylgni við lög og reglur

4.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við lög og reglur sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar og rekstraráætlun er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

4.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi.

4.1.2 Risna

Samkvæmt skoðun á úrtaki risnureikninga er reglum um risnu fylgt.

4.1.3 Opinber innkaup

Innkaupastefna hefur verið sett og verklagsreglur við innkaup almennt hafa verið skjalfestar.

4.1.4 Styrkir

Á árinu var m.a. greiddur 2.0 m.kr. styrkur til Samtaka iðnaðarins vegna ráðstefnu um stefnumótun íslensks byggingariðnaðar en ákvörðun um styrkveitingu lá fyrir á árinu 2015. Ríkisendurskoðun bendir á reglur Fjársýslu ríkisins um að bóka styrki þegar samþykkt liggur fyrir.

4.1.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færast reglulega til eignar á viðskiptareikning Mannvirkjastofnunar við ríkissjóð.

4.2 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að gjaldfæra veitta styrki á því reikningsári sem formleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin. Að öðru leyti er ekki gerð athugasemd við ofangreind atriði.

5 Endurskoðun rekstrarliða

Tekjur á árinu námu 15,4 m.kr. og gjöld 553,1 m.kr. eins og fram kemur í yfirlitstöflu í kafla 3 um fjárveitingar.

5.1 Tekjur

Tekjur Mannvirkjastofnunar lækkuðu um 883,0 m.kr. frá fyrra ári og stafar lækkun af kerfisbreytingu sem gerð var með lögum um opinber fjármál. Tekjur Mannvirkjastofnunar af iðgjöldum váttryggingafélaga skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010 og vegna gjaldtöku skv. lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996 voru áður bókfærðar sem markaðar tekjur hjá Mannvirkjastofnun en frá og með árinu 2017 flokkast þær sem tekjur ríkisjóðs.

Tekjur samkvæmt samningi við fimm tryggingafélög og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem eru aðilar að eldvarnarbandalagi námu 9,3 m.kr. Einnig voru 4,7 m.kr. tekjur af leyfisgjöldum auk m.a. sölu bóka. Tekjur voru skoðaðar með úrtaksprófunum og frávikagreiningu. Meginmarkmið með endurskoðun tekna var að kanna heild, tilvist og lotun, þ.e. að allar tekjur sem tilheyra stofnuninni skili sér og séu færðar á rétt tímabil. Endurskoðun var án athugasemda.

5.2 Gjöld

Gjöld námu 553,1 m.kr. Þar vega launagjöld þyngst og af öðrum rekstrargjöldum er aðkeypt þjónusta fyrir 81,9 m.kr. stærsti liðurinn. Aðkeypt þjónusta lækkar á milli ára um 52,8 m.kr. þar sem verk í vinnslu eru eignfærð frá og með árinu 2017 til samræmis við lög um opinber fjármál en áður var allur útlagður kostnaður gjaldfærður. Endurskoðun gjalda var gerð með greiningum og úrtakskoðun eftir atvikum án athugasemda.

5.3 Niðurstaða

Almennt er ekki annað að sjá en að vel sé staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Helstu breytingar á milli ára skýrast af breytingum samkvæmt lögum um opinber fjármál þar sem markaðar tekjur flytjast til ríkissjóðs og aðkeypt þjónusta vegna hugbúnaðar sem er í smíðum eignfærð sem verk í vinnslu.

6 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017, þegar endurskoðun fór fram í ágúst 2018 námu eignir 2.914,0 m.kr., skuldir námu 115,8 m.kr. og eigið fé í árslok nam samtals 2.798,2 m.kr. Eigið fé skiptist í höfuðstól sem var jákvæður um 355,5 m.kr. og bundið eigið fé 2.442,7 m.kr.

Í þús.kr.	31.12.2017	1.1.2017	Breyting
Eignir:			
Verk í vinnslu	42.186	0	42.186
Áhöld og búnaður	13.908	14.902	-994
Skammtímakröfur	36	94.341	-94.305
Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga	38.193	38.193	0
Inneign hjá ríkissjóði	2.808.955	2.726.668	82.287
Handbært fé	10.740	15.856	-5.115
Eignir alls	2.914.017	2.889.959	24.059
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	355.500	357.599	-2.099
Bundið eigið fé	2.442.675	2.442.675	0
Óreidd laun, launaleiðrétting	1.528	0	1.528
Viðskiptaskuldir	15.235	36.590	-21.355
Orlofsskuldbinding	42.986	38.193	4.793
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	56.094	14.902	41.191
Eigið fé og skuldir alls	2.914.017	2.889.959	24.059

6.1 Eignir

6.1.1 Verk í vinnslu

Verk í vinnslu námu 42,2 m.kr. í árslok 2017. Hér er um að ræða útlagðan kostnað vegna hugbúnaðarkerfis á árinu 2017 fyrir byggingargátt sem Mannvirkjastofnun er að láta vinna. Ríkisendurskoðun kom ekki að staðfestingu á eignfærslu að þessu sinni.

6.1.2 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál. Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2011 og afskriftarhlutfall er 10-33%. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en forstjóri Mannvirkjastofnunar samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 1. janúar 2017.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 3,4 m.kr. sem kemur til hækkunar á eignalið og afskriftir til lækkunar námu 5,3 m.kr. Leiðréttingar til samræmis við eignakerfi voru tæplega 0,9 m.kr. Breytingar samtals voru því um 1,0 m.kr. til lækkunar á árinu, þegar miðað er við stöðu bókhalds pr. 1. janúar 2017.

6.1.3 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur voru nánast engar í árslok og lækkuðu frá fyrra ári um 94,3 m.kr. Þessi breyting stafar af kerfisbreytingu í framhaldi af lögum um opinber fjármál. Árið 2017 hættir Mannvirkjastofnun að færa markaðar tekjur í bókhald stofnunarinnar og eru þær nú færðar með ríkistekjum. Með því verða ekki lengur til kröfur vegna þessa hjá stofnuninni og óinnheimtar kröfur frá fyrra ári voru fluttar á viðskiptareikning ríkissjóðs.

6.1.4 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga í stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 er gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig verður staðið að fjárveitingu til Mannvirkjastofnunar til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

6.1.5 Inneign hjá ríkissjóði

Inneign á viðskiptareikningi hjá ríkissjóði nam 2.809,0 m.kr. Þar af er eign vegna bundins eigin fjár 2.442,7 m.kr. Bundið eigið fé stafar af mörkuðum tekjum fyrri ára og var ekki fært úr í stofnefnahagsreikningi pr. 1. janúar 2017.

1.1.6 Handbært fé

Handbært fé nam 10,7 m.kr. í árslok 2017 og hafði lækkað um 5,1 m.kr. frá fyrra ári. Handbært fé samanstendur af fjórum bankareikningum auk smásjóðs.

Mælst er til að stofnanir í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins hafi ekki bankareikninga nema brýn þörf sé til. Ríkisendurskoðun leggur til að þörf stofnunarinnar fyrir eigin bankareikninga verði könnuð í samráði við Fjársýslu ríkisins þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu.

6.2 Eigið fé og skuldir

6.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 355,5 m.kr. í árslok 2017. Staða höfuðstóls lækkaði um tæplega 2,1 m.kr. frá fyrra ári eða sem nam tekjuhalla ársins.

6.2.2 Bundið eigið fé

Í árslok 2017 nam bundið eigið fé 2.442,7 m.kr. og var óbreytt frá fyrra ári. Hér er um að ræða markaðar tekjur sem renna nú í ríkissjóð.

6.2.3 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Leiðrétting vegna ársins 2017, sem var í flestum samningum frá 1. september 2017 til ársloka, var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

6.2.4 Viðskiptaskuldir

Skammtímaskuldir námu 15,2 m.kr. í árslok 2017 og lækkuðu um 21,4 m.kr. frá síðasta ári. Farið var yfir eftirstöðvalista viðskiptaskulda. Ógreiddir reikningar að fjárhæð 14,6 m.kr. í viðskiptaskuldakerfinu voru greiddir í upphafi árs 2018 en skoða þarf eldri kröfur á öðrum viðskiptareikningum og gera viðeigandi ráðstafanir.

6.3 Niðurstaða

Ábending frá fyrra ári um að fækka bankareikningum er ítrekuð og mælst er til að þörf Mannvirkjastofnunar fyrir eigin bankareikninga verði metin í samráði við Fjársýslu ríkisins, þar sem stofnunin er í greiðsluþjónustu. Einnig þarf að skoða eldri skuldir og gera viðeigandi ráðstafanir.

7 Önnur atriði

7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda sem var sent Ríkisendurskoðun, var undirritað af forstjóra 18. október 2018.

7.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2017 í bókhaldi Mannvirkjastofnunar og samkvæmt upplýsingum forstjóra, m.a. í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

7.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Mannvirkjastofnun.

7.4 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Mannvirkjastofnun var undirrituð af ríkisendurskoðanda og settum forstjóra Mannvirkjastofnunar 17. október 2017. Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Mannvirkjastofnunar.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 - 105 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is - www.rikisendurskodun.is